

Fundargerð 32. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2017, fimmtudaginn 30. mars kl. 15:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til símafundar.

Í símasambandi voru: Gauti Jóhannesson, Páll Björgvin Guðmundsson, Steinunn María Sveinsdóttir, Anna Lind Ragnarsdóttir, Bjarni Theódór Bjarnason og Friðbjörg Matthíasdóttir.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Bjarni kom inn á fundinn kl. 15:10.

1. Samtök fiskeldissveitarfélaga - 1703001SU

Lagt fram til kynningar minnisblað, dags. 28. mars 2017, þar sem gert er grein fyrir hugmynd um stofnun Samtaka fiskeldissveitarfélaga eða hvort þau sveitarfélög eigi heima undir Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga samþykkir að leita eftir samvinnu við Fjórðungssamband Vestfirðinga, Eyþing og Samtök sveitarfélaga á Austurlandi um málþing sem boðað verður til við fyrsta tækifæri. Á málþinginu verði fjallað um aðkallandi viðfangsefni sveitarfélaga sem eiga strandlengju að sjó utan afmarkaðs friðunarsvæðis fyrir eldi laxfiska með sérstaka áherslu á skipulagsmál, auðlindagjöld/tekjur, samfélagsáhrif, eftirlit, umhverfismál, samskipti við fiskeldisfyrirtæki, fullvinnslu, húsnæðis- og starfsmannamál o.fl. Í kjölfar fundarins verði ákveðið hvort og þá með hvaða hætti Samtök sjávarútvegssveitarfélaga yrðu vettvangur fyrir áframhaldandi samstarf sveitarfélaganna. Til fundarins verði boðaðir fulltrúar þeirra stofnana sem málaflókkurinn heyrir undir auk ráðherra. Formanni falið að funda með ráðherra um málið og bjóða honum á málþingið.

2. Aðgerðir HB Granda á Akranesi - 1703003SU

Rætt um stöðu og aðgerðir HB Granda á Akranesi og umræðu um málið seinustu daga.

Í ljósi umræðu seinustu daga vill stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga lýsa yfir ánægju sinni með þá ákvörðun HB Granda um að fresta því að loka botnfiskvinnslu félagsins á Akranesi og ganga til viðræðna við bæjarstjórn Akranesbæjar. Stjórnin leggur einnig áherslu á að jafn stórar ákvarðanir sem þessar séu ekki teknar án þess að búið sé að ræða við fulltrúa þess sveitarfélags sem um ræðir. Það að tæplega 100 starfsmenn fyrirtækisins og nærsamfélagsins þurfi að búa við þessa óvissu er óviðunandi ástand og verða útgerðarfyrirtæki að horfa til samfélagslegrar ábyrgðar sinnar þegar kemur að byggðarlögum sem byggja allt sitt upp á sjávarauðlindinni.

Að gefnu tilefni vill stjórnin því einnig ítreka kröfu sína um að sjávarútvegssveitarfélög fái hluta af veiðigjöldum til sín svo þau geti betur tekist á

við ef slík áföll verða að veruleika.

3. Vorfundur 2017 - 1703002SU

Rætt um vorfund samtakanna sem haldinn verður 24.-25. apríl nk.

Friðbjörgu falið að útbúa dagskrá fyrir vorfundinn sem haldinn verður á Vestfjörðum.

Fundi var slitið kl. 15:30